

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. júlí 2012
Tilvísun: UST20120600149/ksj

Urðunarsvæði á Búðaröxl, Vopnafirði. Tillaga að matsáætlun. Umsögn

Urðunarsvæði á Búðaröxl, Vopnafirði. Tillaga að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 26. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna urðunarsvæðis skv. 8.gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Tilgangur og markmið

Tilgangur framkvæmdar er að stækka núverandi urðunarstað.

Staðsetning

Urðunarsvæðið er staðsett ofan þéttbýlisins á Vopnafirði að Búðaröxl. Svæðið skiptist niður í frágengið eldra urðunarsvæði, 2 ha að stærð, núverandi urðunarsvæði, 2,8 ha að stærð og framtíðar urðunarsvæði, um 4,6 ha að stærð.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda tillögu að matsáætlun:

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í umfjöllun um staðhætti er urðunarsvæðið að Búðaröxl staðsett í suðausturátt frá Skógalóni sem er svæði nr. 603 á náttúruminjaskrá en þar segir: „*Nýpslón og Skógalón, Vopnafjarðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Nýpslóni og Skógalóni inn af Nýpsfirði. (2) Grunn, sölt lón. Mikið dýralíf við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í frummatsskýrslu komi fram, hvernig koma eigi í veg fyrir að mengað sigvatn frá urðunarstaðnum fari í norðvestur frá urðunarstað að Skógalóni, en töluverður landhalli er frá urðunarstað að náttúruminjasvæðinu. Sigvatn myndi líklega hafa neikvæð umhverfisáhrif á Skógalón. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að sjálft urðunarsvæðið verði ekki stækkað í átt að norðausturvegi, heldur verði

mörk urðunarsvæðis höfð óbreytt í norður og norðaustur, þannig að mörkin færist ekki nær Skógalóni en nú er.

Í umfjöllun um dýralíf í vatni og um svæði á náttúruminjaskrá kemur fram að:
„*Framkvæmdin felur í sér mögulega mengun sigvatns af urðunarsvæði en gert er ráð fyrir söfnunar- og hreinsunarkerfi svo mengun af völdum urðunar muni hafa sem minnst áhrif á lífríki lónsins.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hönnun söfnunar- og hreinsikerfis fyrir sigvatn miði að því að koma í veg fyrir að mengað sigvatn komist í Skógalón.

Sigvatn og jarðvegur

Fram kemur í umfjöllun um sigvatn og jarðveg að þéttleiki jarðlaga og vatnajarðfræði svæðisins verði metinn. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að tryggj sé að botn sé þéttur svo sigvatn hripi ekki niður um jarðlög. Því telur stofnunin mikilvægt að skýrar og greinargóðar upplýsingar um þéttleika botns urðunarsvæðis komi fram í frummatsskýrslu. Einnig telur stofnunin mikilvægt að umfjöllun um mögulega þörf á botnþéttingu komi fram í frummatsskýrslu. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að gera ráð fyrir botnþéttingu ef þess er þörf þar sem svæði á náttúruminjaskrá gæti að öðrum kosti orðið fyrir mengun frá sigvatni.

Vöktun á sigvatni

Í tillögu að matsáætlun urðunarsvæðis á Búðaröxl kemur fram í umfjöllun um sigvatn að sigvatni/drenvatni verði veitt í viðeigandi hreinsivirki áður en því verður sleppt út í umhverfið. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað verði á skýran hátt um ofangreint hreinsivirki.

Hvað sigvatn varðar telur Umhverfisstofnun mikilvægt að í frummatsskýrslu komi fram mælingar um ástand sigvatns á urðunarstað áður en stækkun fer fram.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að sigvatn verði vakt með sýnatöku sér í lagi þar sem sigvatn fer í viðkvæman viðtaka þ.e. Skógalón. Í frummatsskýrslu ætti að mati Umhverfisstofnunar að vera umfjöllun um vöktunaráætlanir.

Lífrænn úrgangur og hauggas

Í tillögu að matsáætlun urðunarsvæðis á Búðaröxl kemur fram að sláturúrgangur var um 42% af heildarúrgangi er fór til urðunar á ofangreindu urðunarsvæði árið 2011. Eins og fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar sem er fylgiskjal með tillögu að matsáætlun urðunarsvæðis á Búðaröxl, Vopnafirði, gerir stofnunin ekki athugasemd við að urðunarstaður Vopnafjarðarhrepps við Búðaröxl verði veitt undanþága frá kröfum um söfnun hauggass og eftirliti með hauggasi sbr. 4. Tl. í viðauka I við reglugerð um urðun úrgangs út gildistíma núgildandi starfsleyfis sem gefið var út 5. september 2002. Umhverfisstofnun telur vert að benda á að á heimasíðu Umhverfissráðuneytisins er að finna drög að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024. Í drögunum kemur fram að stöðugt er stefnt að því að hlutfall lífræns úrgangs af heildarúrgangsmagni á Íslandi fari lækkandi og verði 35% af úrgangi í júlí 2020. Einnig má benda á að jafnframt kemur fram í ofangreindum drögum að tillaga er um að 1. janúar 2021 verði komið bann við urðun lífræns úrgangs. Þar af leiðandi er

mikilvægt fyrir Vopnafjarðarhrepp að huga að því að nýta stærri hluta af þeim lífræna úrgangi er til fellur, og ætti að hafa það í huga við gerð frummatsskýrslu.


Votlendi


Í lýsingu á gróðri á svæði því er til stendur að fella undir urðunarsvæði á Búðaröxl við stækkun þess kemur fram að svæði einkennist af graslendi og mýrarflákum. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram í frummatsskýrslu hve mikið votlendi raskast við stækkun urðunarstaðarins og vísar stofnunin til útgáfu Umhverfissráðuneytisins ***Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, Stefnumörkun til 2020*** en þar kemur fram að eitt af markmiðum til verndar lífríkis Íslands er: „*Forðast verði eftir því sem kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.*“

Niðurstaða

Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á að í frummatsskýrslu verði fjallað um hvernig koma megi í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif á Skógalón og Nýpslón.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur